



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Aðlögun og þátttaka innflytjenda í þremur sveitarfélögum

Akranesi, Vesturbyggð og Fjarðabyggð

Febrúar 2010

**Eva Heiða Önnudóttir
Njörður Sigurjónsson
Sigurbjörg Eyjólfsdóttir**

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst
311 Borgarnes. Sími: 433-3000
www.rannsoknamidstod.bifrost.is

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Menningarstefna Akraness, Fjarðabyggðar og Vesturbyggðar	4
Menningarráð Vesturlands.	5
Fjarðabyggð	5
Vesturbyggð	6
Samantekt	7
Um rannsókn.....	7
Akranes.....	8
Móttaka og þjónusta við innflytjendur á Akranesi	8
Innflytjendur á Akranesi.....	9
Fjarðabyggð	12
Móttaka og þjónusta við innflytjendur í Fjarðabyggð	12
Innflytjendur í Fjarðabyggð.....	14
Vesturbyggð	17
Móttaka og þjónusta við innflytjendur í Vesturbyggð	17
Innflytjendur í Vesturbyggð	19
Samantekt á viðtölum.....	22
Lokaorð.....	23
Heimildaskrá	25

Inngangur

Á sumar- og haustmánuðum ársins 2009 stóð Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst fyrir rannsókn á aðlögun og þátttöku innflytjenda í félags- og menningarlífi þriggja sveitarfélaga; á Akranesi, í Fjarðabyggð og í Vesturbyggð. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við innflytjendur, fulltrúa sveitarstjórna og aðra sem komu að starfi með innflytjendum. Verkefnið hlaut styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála hjá félags- og tryggingamálaráðuneyti Íslands. Jafnframt var tilgangur verkefnisins að meta efnahagslegan ávinning sveitarfélaga af þátttöku innflytjenda á vinnumarkaði innan hvers sveitarfélags og að greina hvernig sveitarfélög geta ýtt undir þátttöku innflytjenda til að auka ávinning samfélagsins. Í þessari skýrslu verður greint frá niðurstöðum úr fyrsta hluta rannsóknarinnar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi sérílagi þátttöku þeirra í félags- og menningarlífi sinna sveitarfélaga.

Ein ástæða fyrir því að þessi þrjú sveitarfélög voru tekin fyrir er sú að í þeim öllum hefur hlutfall innflytjenda hækkað frá 1998 fram til ársins 2009 eins og sjá má á tölum frá Hagstofu Íslands (2009) í töflu 1. Jafnframt urðu þessi þrjú fyrir valinu þar sem áhugi var á að skoða sveitarfélög sem eru af ólíkri stærð en fjarri höfuðborgarsvæðinu (Fjarðabyggð og Vesturbyggð) og eitt sem væri staðsett nálægt höfuðborgarsvæðinu (Akranes).

Tafla 1 Hlutfall íbúa með íslenskt og erlent ríkisfang á Akranesi, í Vesturbyggð og Fjarðabyggð frá 1998 til 2009

	Ár											
	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
<i>Akranes:</i>												
Íslenskt ríkisfang	98,9%	98,7%	98,8%	98,4%	98,5%	98,4%	98,1%	98,3%	98,1%	96,7%	94,3%	93,7%
Erlent ríkisfang	1,1%	1,3%	1,2%	1,6%	1,5%	1,6%	1,9%	1,7%	1,9%	3,3%	5,7%	6,3%
Samtals	5125	5186	5340	5450	5510	5595	5588	5657	5786	5976	6401	6579
<i>Fjarðabyggð</i>												
Íslenskt ríkisfang	-	96,3%	95,7%	95,5%	95,8%	96,5%	96,7%	95,6%	77,1%	68,3%	77,9%	86,7%
Erlent ríkisfang	-	3,7%	4,3%	4,5%	4,2%	3,5%	3,3%	4,4%	22,9%	31,7%	22,1%	13,3%
Samtals	-	3301	3189	3096	3065	3063	3110	3177	3906	5713	5155	4721
<i>Vesturbyggð:</i>												
Íslenskt ríkisfang	94,4%	91,5%	92,1%	93,5%	93,3%	93,5%	93,5%	92,7%	92,9%	92,0%	90,3%	89,0%
Erlent ríkisfang	5,6%	8,5%	7,9%	6,5%	6,7%	6,5%	6,5%	7,3%	7,1%	8,0%	9,7%	11,0%
Samtals	1254	1254	1229	1162	1141	1122	1073	1019	964	939	928	899

Fjölgun innflytjenda í þessum þremur sveitarfélögum má að hluta til rekja til aukins framboðs á störfum í ákveðnum greinum, sérílagi í framleiðslugreinum og fiskvinnslu, á landsvísi frá síðustu aldamótum sem og stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins (EES) með tilkomu nýrra aðildarríkja að Evrópusambandinu (félagsmálaráðuneytið, e.d.). Vakin hefur verið athygli á því að vegna uppgangsins

Í atvinnulífinu er hlutskipti margra innflytjenda í ríkum vestrænum löndum að vinna láglaunuð og óþrífaleg störf, störf sem innfæddir líta ekki við og er Ísland þar engin undantekning á (félagsmálaráðuneytið 2005).

Í stefnu íslenskra stjórnvalda frá árinu 2007 um aðlögun innflytjenda kemur fram að gera eigi aðlögunarferli þeirra sem auðveldast og snýst stefnan í meginatriðum um þátttöku innflytjenda í íslensku skólakerfi og íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Í stefnunni er fjallað almennt um hvert sé hlutverk sveitarfélaga í aðlögun innflytjenda og snýst það fyrst og fremst um félagsþjónustu og barnavernd, þar með talin íþróttá- og tómstundamál.

Skyldur sveitarfélagsins gagnvart innflytjendum eru þær sömu og gagnvart öðrum íbúum þess en auk þess geta innflytjendur þurft á sértækri þjónustu sveitarfélagsins að halda til þess að aðlögun verði sem best er á kosið. Skyldur sveitarfélagsins geta til að mynda snúist um upplýsingagjöf til innflytjenda um þjónustu, réttindi og skyldur íbúa í byggðarlaginu og hefur sérstök þjónusta fyrir innflytjendur í boði sveitarfélaga verið til að mynda á sviði skólamála, félagsþjónustu, barnaverndar, menningarmála og íþróttá- og tómstundamála.

Erfitt er að leggja tæmandi mat á fjárhagslegan ávinning sveitarfélaga af nýjum íbúum en ef skatttekjur sveitarfélaga eru skoðaðar gefur það vísbendingu um ávinning þeirra. Samkvæmt *Árbók sveitarfélaga* árið 2009 voru skatttekjur Akraness á hvern íbúa árið 2008 406.176 krónur, í Fjarðabyggð 530.552 krónur og í Vesturbyggð 585.671 krónur (útsvar, fasteignaskattur, jöfnunar-sjóður og skattaígildi). Miðað við fjölda innflytjenda í þessum þremur sveitarfélögum má gera ráð fyrir að sveitarfélögin hafi haft verulegar tekjur af innflytjendum í formi skattgreiðslna. Fæstir voru innflytjendur í Vesturbyggð eða 99 talsins og flestir í Fjarðabyggð eða 629 talsins samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands (2009).

Í þessari rannsókn er félags- og menningarleg þátttaka innflytjenda skoðuð sérstaklega auk þátttöku í atvinnulífi innan byggðarlagsins. Áður en greint verður frá niðurstöðum úr viðtalsrannsókn verður næst vikið nokkrum orðum að menningarstefnu þeirra þriggja sveitarfélaga sem rannsóknin náði til.

Menningarstefna Akraness, Fjarðabyggðar og Vesturbyggðar

Í dag eru starfandi sjö menningarráð sem vinna hvert um sig að menningarmálum fyrir ákveðna landshluta á Íslandi. Landsvæðin skiptast í: Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Suðurnes. Tilgangur ráðanna að efla menningarstarf, auka atvinnu og stuðla að samvinnu og gæðaþróun á sínum landsvæðum og er markmiðið að skapa öflugri landsbyggð með fjölbreyttu og öflugum menningarstarfi. Hér verða tekin fyrir Menningarráð Vesturlands, Vestfjarða og Austurlands þar sem sveitarfélögin þrjú, Akranes, Vesturbyggð og Fjarðabyggð, tilheyra þessum landsvæðum.

Menningarráð Vesturlands.

Menningarsamningur Vesturlands, sem Akranes er hluti af, er samningur milli menntamálaráðherra og samgönguráðherra annars vegar og sveitarfélaga á Vesturlandi hins vegar. Megintilgangur samningsins er að efla menningarstarf á landsvæðinu og að auka samstarf í landsfjórðungnum, styrkja gott frumkvæði íbúa þess og hafa áhrif á forgagnsröðun verkefna (Menningarráð Vesturlands, 2005).

Í úthlutun á fjármagni til menningarverkefna á samkvæmt samningnum meðal annars að taka mið af því að styðja við menningarhátíðir og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni (Jón Rúnar Sveinsson, 2008). Samkvæmt stefnumótun Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi frá árinu 2002 er menningarmálum skipt í þrjá hluta og sérstök stefna mótuð í hverjum þeirra fyrir sig. Þessir hlutar eru:

- Saga, minjar, söfn
- Sagnahefð
- Hátíðir, ýmsir viðburðir og verkefni

Taka skal fram að stefnumótunin er frá árinu 2002 en engu að síður tengist hún Menningarsamningnum sem gildi til loka árs 2008. (Stefnumótun í menningarmálum á Vesturlandi, 2002). Þegar stefna að heildarskipulagi menningarmála á Vesturlandi er skoðuð er lítið minnst á innflytjendur. Stefnt er að því að auðga menningarstarfsemi á svæðinu og lítið á landshlutann sem eina heild við skipulag og uppbyggingu menningarstarfs. Markmið stefnumótunarinnar eru helst að veita auknu fjármagni til menningarmála og nýta það vel, að tryggja tekjugrundvöll til lengri tíma, að efla samstöðu og samstarf innan landshlutans og að kynna menningarstarfsemi á Vesturlandi.

Fjarðabyggð

Menningarsamningur Austurlands var undirritaður af menntamálaráðherra, samgönguráðherra og fulltrúa Sambands sveitarfélaga á Austurlandi þann 9. janúar 2008 en hann gildir til 31. desember 2010. Eins og í menningarsamningi Vesturlands er tilgangur samningsins að efla menningarstarf og sameina stuðning ríkis og sveitarfélaga. Einnig á samningurinn að hjálpa til við forgagnsröðun verkefna og styrkja framkvæmd og stefnumótun í menningarmálum. Stuðningur ríkisins er einnig líkur því sem er í menningarsamningi Vesturlands en ríkið veitir fé til einstakra verkefna á sama tíma og það veitir mótframlag til reksturs Menningarráðs Austurlands. Samkvæmt 6. grein ber Menningarráði að líta til ákveðinna þátta þegar veita skal styrki. Einn þessara þátta er að styðja við menningarhátíðir og viðburði í því skyni að auka menningarlega fjölbreytni (Menningarsamningur Austurlands, 2005) .

Á Austurlandi starfa þrjár menningarmiðstöðvar. Í Fjarðabyggð er það Kirkju- og menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð, í Skaftafelli er rekin miðstöð myndlistar á Austurlandi og miðstöð sviðslista á Austurlandi er staðsett á Fljótsdalshéraði. Miðstöð handverka og bókmennta á Hornafirði var fjórða menningarmiðstöðin á Austurlandi fram að árslokum 2009 en þá hætti sveitarfélagið

Hornafjörður þátttöku í Menningarráði Austurlands. (Menningarráð Austurlands og R3 ráðgjöf ehf., 2009).

Fjarðabyggð hefur mótað sína eigin stefnu í menningarmálum og er Kirkju- og menningarmiðstöðin í Fjarðabyggð stór hluti hennar. Í stefnumörkun menningarmála er þó litið svo á að samningar um aukið samstarf milli sveitarfélaganna, samningur þeirra við ríkið og samþykktir Menningarráðs Austurlands sé ákveðin viljayfirlýsing sem sameinar allar þær menningarstefnur sem Austurland býr yfir. Þannig er Menningarráð Austurlands sú stofnun sem sameinar öll sveitarfélög á Austurlandi þegar kemur að menningarmálum. (Menningarráð Austurlands og R3 ráðgjöf ehf., 2009).

Meðal helstu markmiða menningarstefnu Austurlands eru að auka samstarf byggðarlaga, listgreina, fyrirtækja og annarra viðeigandi aðila í menningarmálum, auka möguleika fólks á að lifa af listköpun sinni, auka nýsköpun, tryggja fjölbreytni og kynna austfirski listsköpun. Í skýrslu Menningarráðs Austurlands og R3 ráðgjöf ehf. (2009) um menningarstefnu Austurlands er ekki fjallað sérstaklega um innflytjendur að öðru leyti en því að saga, minjar, hefðir og aðrir þættir menningararfs Austurlands og fjölmeningarsamfélagsins eigi að vera aðgengilegar og sýnilegar án þess að útskýrt sé nánar hvað átt er við með hugtakinu fjölmeningarsamfélag

Vesturbyggð

Menningarsamningur Vestfjarða var undirritaður í maí 2007 á milli menntamálaráðherra og samgönguráðherra annars vegar og fulltrúa Fjórðungssambands Vestfirðinga hins vegar og er Vesturbyggð hluti af þessum samningi. Eins og með menningarsamninga Vesturlands og Austurlands er markmið menningarsamnings Vestfjarða að efla menningarstarf á Vestfjörðum og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í samvinnu við Fjórðungssamband Vestfirðinga í einn farveg. Allir menningarsamingarnir eru keimlíkir eða eins í aðalatriðum en allir hafa það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á sínu starfssvæði. Efla þarf þróunarstarf í menningarmálum á Vestfjörðum og úthluta fjármagni til menningarverkefna en það er gert samkvæmt ákvæðum samningsins. Eins og með hin sveitarfélögin veitir ríkið fé til einstakra verkefna sem og mótframlag til reksturs Menningarráðs (Menningarsamningur Vestfjarða, 2007).

Samkvæmt stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum er markmið Menningarráðs Vestfjarða meðal annars að efla vitund og þekkingu á menningararfleifð staðarins. Einnig er brýnt fyrir þeirri nauðsyn að sveitarstjórnir geri sér grein fyrir hversu mikilvæg menningarmál eru fyrir sveitarfélögin. Þannig geta menningarmál bætt búsetuskilyrði og atvinnusköpun á svæðinu og gert lífið á Vestfjörðum skemmtilegra. Ekki er minnst á innflytjendur sérstaklega en aftur á móti segir í stefnumótuninni að leita skuli leiða til að hlúa að fjölmeningarlegu samfélagi þar sem menning ólíkra hópa fái notið sín og auðga þannig fjölbreytni og sérstöðu menningarlífs á Vestfjörðum. Þó er ekki skilgreint hvað átt er við með hugtakinu fjölmeningarlegt samfélag. (Menningarráð Vestfjarða, 2007).

Samantekt

Eins og sést á menningarstefnum Vesturlands, Austurlands og Vestfjarða eru þær allar keimlíkar og í aðalatriðum eins. Markmiðið er að styðja, styrkja og efla menningarstarfsemi svæðisins, bæta aðstöðu til slíkrar menningarstarfsemi og vernda menningararfleifð staðanna.

Engin menningarsamningur eða stefnumótun menningarstarfs minnst á innflytjendur jafnvel þótt innflytjendum hafi fjölgað töluvert á öllum þessum svæðum undanfarin ár. Allar nefna þó að einhverju marki fjölmenningu en gefa sér þó lítið sem ekkert svigrúm til þess að fjalla frekar um þann málaflokk eða lýsa því hvernig fjölmennung gæti eft menningarlíf staðanna.

Eitt er að skoða stefnumótun opinberra aðila varðandi innflytjendamál og aðlögun þeirra en opinber gögn segja ekki alla söguna. Þess vegna var ákveðið að framkvæma rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við annars vegar innflytjendur í þremur sveitarfélögum; á Akranesi, í Fjarðabyggð og í Vesturbyggð. Hins vegar voru tekin viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga og annarra stofnana sem hafa komið að starfi sem varðar innflytjendur. Áður en greint er frá niðurstöðum viðtalanna verður vikið fáeinum orðum að framkvæmd rannsóknarinnar.

Um rannsókn

Meginmarkmið rannsóknarinnar var að greina aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi og upplifun þeirra að því og þá sérílagi varðandi þátttöku þeirra í félags- og menningarlífi sveitarfélaganna og var það gert með því að taka viðtöl við innflytjendur sem hafa sest að í sveitarfélögum. Auk þess voru tekin nokkur viðtöl við fulltrúa sveitarfélaganna og annarra sem koma að móttöku innflytjenda í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Við val á viðmælendum í hópi innflytjenda var notað snjóboltaúrtak, þar sem haft var samband við viðmælendur eftir ábendingum frá starfsmönnum sveitarfélaga eða heimamanna sem til þekktu. Þeir viðmælendur sem samþykktu að tekið yrði við þá viðtal voru beðnir um að benda á aðra sem gætu mögulega komið til greina og tóku flestir vel í þá beiðni. Viðtölin voru tekin upp og í framsetningu niðurstaðna koma ekki fram persónuupplýsingar og það haft að leiðarljósi að niðurstöður séu ekki persónugreinanlegar. Viðtölin voru ýmist tekin á íslensku, ensku eða á öðru tungumáli og þá með aðstoð túlks.

Við val á viðmælendum opinberra fulltrúa og fulltrúum félagasamtaka var haft samband við sveitarfélögin til að fá upplýsingar um hverjir störfuðu að málefnum innflytjenda auk þess sem tekin voru viðtöl við nokkra aðra einstaklinga eftir ábendingum frá fulltrúum sveitarfélaganna. Ljóst er að listinn yfir viðmælendur er ekki tæmandi, þar sem mun fleiri koma að móttöku innflytjenda ýmist beint eða óbeint sem ekki voru tekin viðtöl við. Hér að neðan má sjá lista með nöfnum, stöðuheitum og stofnun þeirra viðmælenda sem talað var við í hópi fulltrúa sveitarfélaga og annarra stofnana. Er þeim öllum þakkað fyrir að hafa gefið sér tíma til viðtals.

Akranes

Anna Lára Steindal, framkvæmdastjóri Rauða kross deildar á Akranesi

Fjarðabyggð

Goshia Libera, fulltrúi erlendra starfsmanna hjá AFL, Starfsgreinafélagi Austurlands

Sigríður Herdís Pálsdóttir, móttökufulltrúi nýrra íbúa í Fjarðabyggð

Vesturbyggð

Anna Stefanía Einarsdóttir, launafulltrúi, bæjarskrifstofu Vesturbyggðar

María Ragnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Skjöldur Pálmason, aðstoðarframkvæmdastjóri Odda fiskvinnsla-útgerð

Í niðurstöðum verður tekið fyrir hvert sveitarfélag fyrir sig, þar sem byrjað verður á því að fjalla um það sem fram kom í viðtölum við opinbera fulltrúa og fulltrúa annarra stofnana. Þar á eftir kemur greining á viðtölum sem tekin voru við innflytjendur í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Í lokin er svo samantekt með helstu niðurstöðum úr viðtölum við innflytjendur og aðra í sveitarfélögunum þremur. Tekin voru viðtöl við níu innflytjendur á Akranesi, átta í Fjarðabyggð og sjö í Vesturbyggð. Greiningin á viðtölum takmarkast við þá innflytjendur sem tekin voru viðtöl við og í henni er dregið saman hvað innflytjendurnir áttu sammerkt varðandi aðlögun, félagslíf og upplifun af íslensku samfélagi. Í beinum tilvitnunum eru viðmælendum gefin tilbúin nöfn, málfar leiðrétt og þýtt yfir á íslensku þar sem við á.

Akranes

Móttaka og þjónusta við innflytjendur á Akranesi

Haustið 2006 hóf Akranesdeild Rauða kross Íslands (RKÍ) að byggja upp öflugt félags- og málsvarnarstarf fyrir innflytjendur. Ekki leið á löngu þar til að Akranesdeild RKÍ hóf samningaviðræður við Akraneskaupstað vegna möguleika á samstarfi í málefnum innflytjenda. Ljóst var að RKÍ gæti gert heilmargt til hjálpar sveitarfélaginu í móttöku og aðlögunarferli innflytjenda þar. Að lokum fór svo að samningur á milli Akranesdeildar RKÍ og Akraneskaupstaðar um þjónustu við innflytjendur var undirritaður þann 2. febrúar árið 2007. Samkvæmt samningnum átti Akranesdeildin í samstarfi við Akraneskaupstað að byggja upp upplýsingamiðstöð þar sem innflytjendur gátu leitað upplýsinga sem og fengið þjónustu og aðstoð. Deildin hefur það hlutverk að hjálpa innflytjendum að aðlagast íslensku samfélagi og upplýsir innflytjendur um allar þær breytingar á reglum og þjónustu sem varða þá. Ölfugt samstarf er á milli deildarinnar og grunn- og leikskóla á Akranesi, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Verkalýðsfélags Akraness og vinnustaða þar sem hlutfall erlendra starfsmanna er hátt. Akranesdeild RKÍ aðstoðar einnig innflytjendur við dvalarleyfisumsóknir, umsóknir um kennitölur, umsóknir um fæðingarorlof, húsnæðisleit og atvinnuleit (Anna Lára Steindal, 2008).

Akranesdeild RKÍ vinnur að ýmsum verkefnum tengdum innflytjendum til þess að koma í veg fyrir einangrun þeirra. Akranesdeild RKÍ hefur unnið ötult starf við að koma á ýmsum viðburðum, til dæmis í samvinnu við Félag nýrra Íslendinga á Akranesi. Til að mynda hafa verið haldin kaffihúsakvöld þar sem rætt er um fjölmenningu á léttu nóttunum, innflytjendum hefur verið boðið í leikhús, haldin þjóðahátíð og alþjóðleg matarboð. Dagskráin er öllum opin og hefur mæting á slíka viðburði veriðframar öllum vonum bæði meðal innflytjenda og Íslendinga (Anna Lára Steindal, 2008).

Anna Lára Steindal framkvæmdastjóri Akranesdeildar RKÍ skýrði frá því í viðtali að unnið væri að því að fá sem flesta innflytjendur sem og Íslendinga inn í starf með innflytjendum. Þjóðahátíð, Pólskir dagar, Írskir dagar og Palentínskir dagar eru allt fjölmenningarlegar hátíðir sem Félag nýrra Íslendinga og Akranesdeild RKÍ hafa staðið fyrir. Fjölmargir sjálfboðaliðar, þar af margir úr hópi Pólverja, hafa boðið sig fram ár hvert og hafa hátíðirnar verið hinar veglegustu.

Einnig stóð Akranesdeild RKÍ fyrir verkefni er nefndist „Skapandi starf með konum af erlendum uppruna“ sem hófst í byrjun árs 2009 (Skapandi starf með konum af erlendum uppruna, 2009). Þegar verkefninu lauk var haldin handverkssýning á Bóklöðunni á Akranesi sem gerði það að menningarlegum viðburði sem allir gátu skoðað. Markmið verkefnisins var að nota skapandi vinnu til að auðvelda aðlögun en að sama skapi veita þátttakendum vettvang til að miðla sinni eigin menningararfleifð og þannig halda tengslum við uppruna sinn. Verkefni eins og „Skapandi starf með konum af erlendum uppruna“ gefur góða raun og er því tilvalin fyrirmynd fyrir önnur sveitarfélög sem og önnur verkefni í svipuðum dúr. Slík verkefni geta hentað börnum jafnt sem fullorðnum og færð fólk saman og þannig auðveldað aðlögun og samlögun innan sveitarfélagsins. Handverk og matargerð geta einnig tengt saman konur, karla og börn frá ólíkum svæðum þar sem á endanum er jafnvel hægt að selja afurðirnar ýmist í heimahús eða á veitingastaði. (Skapandi starf með konum af erlendum uppruna, 2009).

Innflytjendur á Akranesi

Þeir innflytjendur sem tekin voru viðtöl við á Akranesi komu flestir til landsins vegna vinnu eða vegna fjölskylduaðstæðna þar sem þeir áttu til dæmis maka sem bjó á Íslandi. Þegar spurt var um fyrstu upplifun þeirra af Íslandi nefndu margir að þeir hafi upplifað heimþrá og hefðu fengið menningarsjokk vegna smæðar landsins og veðursins, sérílagi þeir sem fluttust til landsins á haustmánuðum. Til dæmis sagði Anais¹:

Anais: Ég fékk áfall vegna þess að ég kom að nóttu til í október...ég var í áfalli af því að bærinn var svo lítill. ...Fyrsta árið var hræðilegt, versta ár lífs míns. ...

¹ Viðmælendum er gefin tilbúin nöfn í skýrslunni

Einnig nefndu margir tungumálaerfiðleika og að erfitt væri að læra íslenska tungu en tóku jafnframt fram að eftir að þeir fóru að skilja og geta tjáð sig meira á íslenskri tungu auðveldaði það þeim lífið til muna. Fáir upplifðu einmanaleika eða þunglyndi en þó voru nokkrir sem töluðu um hversu erfitt var að fóta sig hér til að byrja með. Flestir töluðu um mikilvægi þess að kunna íslensku til þess að geta tekið hvað virkastan þátt í samfélaginu. Viðmælendur á Akranesi töluðu flestir íslensku og þeir sem gerðu það ekki skildu töluvert í tungumálinu. Þeir sem töluðu íslensku áttu það sammerkt að áhugi þeirra á að tala rétt mál var mikill og oft afsökuðu viðmælendur sig fyrir að tala ekki rétt eða eins og þær Ann og Anais sögðu þegar þær voru spurðar hvernig þeim hefði gengið að læra íslensku:

Ann: Nei, ekki erfitt (að læra að tala). ...ég get tjáð mig á íslensku hvar sem er. ...en ég er ekki alltaf með rétta málfræði.

Anais: Það var erfitt (að læra íslensku) vegna þess að ég er með fullkominaráráttu og var hrædd við að byrja. ...Stundum þegar ég er að tala um eitthvað erfitt, til dæmis tilfinningar, þá á ég erfitt með að finna íslensk orð til að nota.

Það voru fleiri sem nefndu málfræðina sem aðalhindrun sína í íslenskukunnáttu en að þeir gætu samt sem áður gert sig skiljanlega og jafnframt skilið íslensku bæði í töluðu og rituðu máli.

Allir viðmælendurnir töldu sig hafa orðið vara við aukna fordóma gagnvart innflytjendum eftir því sem atvinnuleysi hefur aukist í kjölfar bankahruns og efnahagskreppu á Íslandi. Enginn þeirra sagðist þó hafa orðið fyrir alvarlegu aðkasti, heldur töldu flestir þeir merkja breytingu í viðhorfum og viðmóti einstakra aðila. Viðmælendur töluðu þó almennt á jákvæðum nótum um samskipti sín við Íslendinga. Tveir viðmælendur komust svo að orði þegar þeir voru inntir eftir því hvort þeir hefðu upplifað fordóma:

Ann:...þegar við komum fyrst þá upplifði ég aldrei fordóma. ...En ég geri það núna. ... bara síðustu tvö ár. ...það voru ekki (fordómar) hérna á Akranesi... .Það voru ekki svo margir útlendingar ... og þá er enginn samkeppni. Nú er komin samkeppni. Nú er ástandið bara eins og annars staðar. Fólk segir að útlendingar taki störf frá sér og þess vegna verða meiri fordómar.

Anais: Ég hef ekki upplifað fordóma sjálf. En ég þekki fólk sem segist hafa upplifað það.

Fleiri viðmælendur tóku í sama streng og í sumum viðtalanna má merkja ákveðna togstreitu á milli hópa innflytjenda þar sem þeir sem fyrir eru telja að nýrri innflytjendur, sem brjóta af sér, sverti ímynd innflytjenda almennt. Ashley tók í sama streng og vísaði til þess að eftir að Pólland gekk í Evrópusambandið hafa innflytjendur ekki þurft að framvísa sakavottorði og það bjóði þeirri hættu

heim að hingað komi afbrotamenn sem komi óorði á aðra innflytjendur frá sama landi eða löndum þar í kring.

Ashley: Eftir að Pólland gekk í Evrópusambandið ...(er) Ísland galopið lítið land. Tekið á mótí öllum, ekkert eftirlit. Þegar við komum þurftum við að skila sakavottorði.

Allir sem rætt var við voru almennt jákvæðir um dvöl sína hér á landi þótt flestir viðurkenndu að hafa á einhverjum tímavarki upplifað erfiðleika hérlendis. Þrátt fyrir það voru þau hamingjusöm á Íslandi og flest þeirra töldu Ísland vera sitt heimili. Margir nefndu að atvinnuástand og lífsgæði væru betri á Íslandi og vildu þess vegna búa hér áfram auk þess sem hér ættu þau sína vini, húsnæði og félagslíf sem þau vildu ekki hverfa frá. Þeir innflytjendur sem töldu líklegt að flytja einhvern tímann af landi brott sögðu það í flestum tilfellum verða þegar ellin færi að segja til sín eða þegar viðkomandi hefði efni á góðu og fallegu húsi til þess að hafa það náðugt í heimalandi sínu. Þau sem eiga íslenska maka ætla sér ekki að flytja og í viðtölunum er ljóst að þau sem áttu lítil börn vildu búa þeim góða framtíð hvort sem það væri hér á landi eða annars staðar. Til að mynda sagði Audrey að í samanburði við hennar heimaland væru lífskjörin fyrir sig og sína fjölskyldu mun betri á Íslandi:

Audrey: (Hér á Íslandi er) mikil vinna og miklir peningar. ... Það er ekki þannig í mínu heimalandi. Þar þarf ég að vinna kannski í tuttugu ár til að geta keypt hús, en þegar ég kom hingað tók það bara fimm ár að geta keypt hús, nýjan bíl; sonur minn og dóttir kláruðu skólann... .Þetta er ekki hægt á fimm árum þaðan sem ég kem.

Annar viðmælandi, Ashley, sagði að hún ætti enga nána fjölskyldumeðlimi sem byggju í hennar gamla heimalandi og að börnin hennar tvö, sem byggju með henni á Íslandi, töluðu eingöngu íslensku og hér ætlaði hún sér að vera. Annar viðmælandi, Angelina, talaði um sterka upplifun sína af Íslandi sem sínu heimalandi þegar hún kom úr ferðalagi erlendis frá:

Ashley: Ég vil vera með fjölskyldu minni hér, þau eru öll hér.

Angelina: ...þegar ég steig út úr flugvélinni (á Keflavíkflugvelli) hugsaði ég með mér, ég er kominn heim! Og ég hugsað með sjálfri mér, guð minn almáttugur þetta er í fyrsta skipti sem ég hugsa um Ísland sem heima! Og Ísland hefur verið heima fyrir mér allar götur síðan þá.

Flestir sem tekið var viðtal við virtust vera í góðum félagslegum tengslum. Lesa má á milli línanna að þeir sem voru fljótir að aðlagast félagslega, hvort sem það var með formlegri þátttöku í félagsstarfi eða með því að eignast vini, íslenska eða erlenda, voru fljóttari að aðlagast heldur en þeir sem voru lítið félagslega virkir. Margir nefndu hér til íslenskukunnáttu sem ástæðu þess að þeir tóku lítinn þátt og voru í litlum samskiptum við Íslendinga í upphafi búsetu sinnar á landinu.

Nokkrir af viðmælendum tóku þátt í einhverjum af þeim verkefnum sem Akranesdeild RKÍ bauð upp á. Sumir tóku þátt í Íslenskunámskeiði sem haldið var þar, í leirkerasmíð, Þjóðahátíð og alþjóðlegum matarboðum. Einn viðmælandinn talaði um hvernig menningarstarf hefði hjálpað honum að aðlagast íslensku samfélagi og komast í gegnum erfiðleika heima fyrir sem og að eignast góða íslenska vini.

Það sem einkenndi viðmælendur á Akranesi var hversu virkir þeir voru félagslega. Þeir sem tjáðu sig um ástæðu þess að sumir aðrir innflytjendur tækju lítinn eða engan þátt í félagsstarfi á vegum bæjarins sögðu það vera vegna vegna áhugaleysis einstaklinganna sjálfra. Þeir vildu ekki meina að innflytjendur í bæjarfélaginu vissu ekki af því hvað væri í boði heldur hefðu valið að notfæra sér það ekki.

Af þeim viðtölum sem tekin voru á Akranesi má sjá að töluverðar upplýsingar eru til staðar fyrir innflytjendur um það menningarstarf sem þar er á vegum Rauða krossins. Allir virtust vita hvert þeir ættu að leita eftir upplýsingum og vissu þeir einnig að upplýsingarnar væru til á þeirra móðurmáli á svæðisskrifstofunni.

Fjarðabyggð

Móttaka og þjónusta við innflytjendur í Fjarðabyggð

Í viðtali við Sigríði Herdís Pálsdóttur kemur fram að Fjarðabyggð hefur frá ársbyrjun 2008 haft sérstakan starfsmann á vegum RKÍ sem sinnir eingöngu móttöku nýrra íbúa í sveitarfélaginu og hefur hún gegnt þeirri stöðu síðan í nóvember sama ár. Hjá sveitarfélaginu starfar innflytjendateymi þar sem Sigríður Herdís situr sem fulltrúi sveitarfélagsins ásamt fulltrúa frá Vinnumálastofnun, Starfsgreinafélaginu AFL, kaþólsku kirkjunni og Þekkingarnetinu. Auk þess hefur hún verið í nánu samstarfi við fyrirtækin í Fjarðabyggð til að halda utan um upplýsingar um þá sem flytjast til sveitarfélagsins, þar sem nýir íbúar hafa ekki alltaf flutt lögheimili sitt til byggðarinnar. Starf hennar felst í halda utan um móttöku og skráningu nýrra íbúa í byggðarlaginu og ýmis konar þjónustu, aðstoð við útvegum og útfyllingu pappíra og ábendingar um hvar er hægt að sækja margvíslega þjónustu. Þegar nýr íbúi flytur í í sveitarfélagið afhendir hún þeim lykil að Fjarðabyggð og bækling sem er á íslensku, pólsku og ensku með helstu upplýsingum fyrir nýja íbúa. Eins og hún lýsir starfinu þá hafa nýir íbúar smám saman verið að gera sér grein fyrir hvaða þjónustu hún getur veitt þeim, til dæmis komu tveir menn til hennar sama morgun og viðtalið var tekið til að fá upplýsingar um hvaða ferli þarf að fara í gegnum til að flytja bíl úr landi.

Annað sem Sigríður Herdís nefndi sem dæmi um hvað fælist í hennar starfi er aðstoð við að fylla út umsóknir um fæðingarorlof, barnabætur, húsaleigubætur, fá útskýringar á bréfum frá sveitarfélaginu, aðstoð við endurnýjun vegabréfa og að afla gagna til umsóknar um ríkisborgararétt svo fátt eitt sé nefnt. Þannig má í raun segja að starf hennar felist ekki aðeins í móttöku nýrra íbúa, heldur einnig alhliða þjónustu við þá sem þekkja ekki íslenska stjórnsýslu og annað sem snertir líf fólks

í byggðarlaginu. Starfið felst í að taka á móti öllum nýjum íbúum, burtséð frá því hvort þeir eru af erlendu eða innlendu bergi brotnir en stór hluti af starfi Sigríðar Herdísar fer í að sinna erindum erlendra íbúa.

Aðspurð að því hvort til staðar væru hvatar af hálfu sveitarfélagsins til að virkja nýja íbúa, sérílagi erlendra íbúa, sagði Sigríður Herdís svo vera. Haldnir hafa verið fundir með nýjum íbúum, efnt til grillveislu og staðið fyrir íslenskunámskeiðum þar sem kennslan var í höndum eldri borgara í byggðarlaginu. Þrátt fyrir að hvatarnir séu til staðar hefur þátttaka oft verið hlutfallslega lág meðal erlendra íbúa. Ljóst er að mikill vilji er hjá sveitarfélaginu til að halda vel utan um móttöku nýrra íbúa og að gætt sé að því að þeir fái viðeigandi upplýsingar um þjónustu og annað starf innan sveitarfélagsins. Sigríður Herdís talar um að í upphafi, þegar ákveðið var að byggja álver í Reyðarfirði sem er hluti af Fjarðabyggð, hafi verið staðið vel að myndun þess samfélags sem varð til í kringum fjölgun starfsmanna við byggingu álversins. Jafnframt sagði hún að það hefði verið betra ef starfið, sem hún gegndi, hefði verið sett á laggirnir hjá sveitarfélaginu mun fyrr.

Einnig var tekið viðtal við fulltrúa erlendra starfsmanna, Goshia Libera, hjá Starfsgreinafélaginu AFL. Þar var einnig um að ræða tiltölulega nýlega stöðu sem var sett á laggirnir árið 2007, en Goshia hafði gegnt henni í eitt ár þegar viðtalið var tekið. Hennar starf felst í að aðstoða erlent starfsfólk og upplýsingagjöf til þeirra um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Starfið felst meðal annars í því að útskýra fyrir erlendum starfsmönnum til hvers skattkort er og hvernig íslenska skattkerfið virkar, útskýra kjarasamninga og yfirvinnutíma og veita upplýsingar um ýmsa sjóði sem eru á vegum stéttarfélagsins. Líta má á hennar starf sem einn lið í því að aðstoða erlent starfsfólk við að komast inn í og verða virkur þátttakandi í samfélagi Fjarðabyggðar. Goshia greindi frá því að í ýmsum stærri fyrirtækjum í byggðarlaginu hefði verið brugðið á það ráð að vera með tvo trúnaðarmenn á vegum stéttarfélagsins, einn íslenskumælandi og annan pólskumælandi. Ástæðurnar væru þær að oft ætti starfsfólk erfitt með að tjá sig við íslenskumælandi trúnaðarmann. Jafnvel þó hann tali ensku er ekki þar með sagt að erlendir starfsmenn geri það líka. Auk þess getur það reynst starfsfólki auðveldara að leita til trúnaðarmanns sem talar þeirra eigið tungumál reiprennandi og á milli þeirra ríki meira traust á vinnustað heldur en ef starfsfólk þarf að leita til trúnaðarmanns sem er íslenskur. Með þessu var Goshia ekki að halda því fram að ekki ríkti trúnaður á milli Íslendinga og erlendra starfsmanna á vinnustað, heldur að erlendir starfsmenn treysti sér frekar til að ræða mál, sem oft geta verið viðkvæm, við trúnaðarmann sem er líka af erlendu bergi brotinn. Auk þess geti það komið í veg fyrir misskilning sem getur dregið dilk á eftir sér ef trúnaðarmaður og starfsmaður, sem til hans leitar, tala sama tungumál.

Út úr viðtölunum við Sigríði Herdís og Goshiu má lesa að bæði sveitarfélagið og stéttarfélagið AFL leggja töluverða vinnu í að þjónusta nýja íbúa samfélagsins. Auk þess minnstust þær báðar á þekkingarnet Austurlands sem hefur staðið fyrir námskeiðum í íslensku og Landnemaskóla fyrir nýja íbúa svo fátt eitt sé nefnt. Framboð af þjónustu og aðgengi að upplýsingum fyrir innflytjendur er því töluvert, burtséð frá því hversu margir nýta sér hana.

Innflytjendur í Fjarðabyggð

Flestir þeirra sem rætt var við úr Fjarðabyggð voru frá Póllandi og flestir höfðu þeir búið hér á landi í nokkuð mörg ár eða allt að tíu árum eða lengur. Það sem einkenndi langflesta viðmælendur í Fjarðabyggð var að þeir höfðu komið til Íslands fyrst og fremst vegna vinnu. Margir töluðu um að hér væri hægt að leggja til hliðar peninga og margir þeirra áttu fjölskyldu fyrir á Íslandi sem hjálpaði þeim að koma sér fyrir í þessu nýja landi. Áberandi var hversu margir höfðu ekki ætlað að setjast hér að til frambúðar heldur að vinna í skamman tíma og safna sér inn nokkrum aukum en sú afstaða hafði svo breyst þar og þeir ákveðið að setjast að á Íslandi.

Eitt af því sem einkenndi viðmælendur í Fjarðabyggð var hversu tilbúnir þeir voru til að ræða opinskátt bæði um erfiðleika sem þeir upplifðu í upphafi komu sinnar til Íslands og peningaerfiðleika vegna efnahagskreppu á Íslandi. Viðmælendurnir töluðu um hversu erfitt var að flytja svona langt upp í sveit þar sem einangrun er mikil og lítið hægt að gera. Til dæmis sögðu þær Fran, Farrah, Fiona og Florence að:

Fran: Fyrst var svolítið erfitt, allt öðruvísi líf en heima hjá mér. ... Þetta var svolítið lokaður staður. Ég var ekki með bíl, bjó ein og þetta var svolítið erfitt. Fór bara eitthvað út að ganga, það var bara ein gata fram og til baka, nema svo gat ég farið upp á fjall, svo ég hef aldrei gengið svona mikið á fjöll eins og þá. ... Ég veit að þetta er rosalega erfitt fyrir okkur útlendinga að vera héma, þetta er svolítið lítill staður, svolítið lokað og ekkert rosalega mikið í boði.

Farrah: Það var ekki neitt rosalega indælt (fyrstu mánuðirnir á Íslandi)... Sérstaklega fyrstu tveir mánuðirnir, þá var mjög erfitt. ... Það er miklu betra í dag. Það er mjög gott.

Fiona: Fyrsta árið var ekki svo skemmtilegt, kannski fyrsta hálfu árið þegar ég átti engan pening (flutti til fjölskyldu á Íslandi) og gat ekki gert neitt. En svo fór maður að vinna, ... þá fékk maður sína peninga og maður gat keypt það sem mann langaði í. Eftir svona átta mánuði byrjaði að vera skemmtilegt, loksins. Og eftir ár eða eitt og hálf ár var ég ákveðin að mig langaði ekki að fara aftur til

Florence: Var mjög erfitt, sérstaklega fyrstu þrjú mánuðirnir. ... Þetta hefur breyst mikið, núna líður mér eins og heima hjá mér.

Eins og fyrr sagði töluðu margir opinskátt um að hafa minni peninga á milli handanna vegna þjóðfélgsástandsins. Til að mynda sögðu þær Fay og Fransesca þetta:

Fay: Núna er smá erfitt ... mikið minna af peningum. ... Núna fyrst það er komin kreppa, þá passar maður peningana, reynir að vinna meira og kaupa minna.

Francesca: Ástandið er mjög óstöðugt núna. Það mun taka nokkur ár að fá vinnu við hæfi.

Frítíminn sem viðmælendur höfðu var í flestum tilfellum ekki mikill og því eyða þau ekki miklum tíma í menningarstarf eða annars konar félagsstarf. Margir töluðu um að það væri lítið við að vera utan vinnu og tóku lítinn þátt í skipulögðu félags- eða menningarstarfi. Það sem viðmælendur nefndu helst var að fara í göngutúra, hitta vini og ættingja, fara í sund, vafra á internetinu og fara í stutt ferðalög innanlands. Algengar lýsingar á félagslífi fyrir utan vinnu voru:

Fay: Ég fer ekki mikið út til dæmis á kaffihús og svona eftir vinnu. Stundum koma vinkonur í heimsókn eða fjölskyldumeðlimir, og stundum fer ég í heimsókn annað. Annars er ég bara mikið heima.

Fran: (Það) er aldrei nægur tími til að fara í heimsókn, en ég fer samt. ...

Fred: Það er náttúrulega rosalega lítið sem ég get gert ... fer í ræktina.

Fiona: Ég er mest með fjölskyldunni...og langar mest að vera með börnunum.

Farrah: ...ég fer lítið út eftir vinnu, fer í leikskólann að sækja barnið og oftast ef það er gott veður þá fer ég út að labba, en er annars bara heima eða fer í bíltúr eða í heimsókn til kunningja.

Flore: Oftast erum við heima. Förum stundum í sund. Eina sem vantar hér er bíó.

Áberandi var í viðtölum hversu takmörkuð vinatengsl voru fyrir utan nánustu fjölskyldu. Þannig virtust ekki margir af þeim sem talað var við eiga stóran vinahóp fyrir utan maka, börn og aðra nána fjölskyldumeðlimi. Ekki er samt hægt að segja að þeir sem talað var við hafi verið félagslega einangraðir þar sem mörgum virtist nægja nán fjölskyldutengsl og örfáir góðir vinir til viðbótar sem voru ýmist af íslenskum eða erlendum uppruna. Auk þess töluðu margir um að sumir útlendingar vilji bara vera út af fyrir sig og lesa mátti á milli línanna hversu mikilvægt tungumálið er í samskiptum á milli Íslendinga og þeirra sem eru af erlendu bergi brotnir. Til dæmis kom þetta fram:

Fred: Það eru svona tveir hópar (minn vinahópur). Vinir sem eru útlenskir og vinir sem eru íslenskir. Vegna þess aðallega að þeir sem eru útlenskir kunna ekki íslensku, þeir geta ekki verið með þeim, þeir nenna ekki að vera... Við (tveir útlendingar) getum alveg verið með

hinum Íslendingunum af því að við getum talað íslensku og þeir nenna að hanga með okkur. Ef við myndum vera þrír útlendingar (að tala saman á okkar tungumáli) myndu Íslendingar ekki nenna að vera með okkur af því að þeir skilja ekki neitt.

Fiona: Eins og núna í dag er ég ekki mikið með útlendingum. (Ég er) mikið heima og það er bara fjölskyldan hér og vinir í bænum. Og þetta eru mest allt Íslendingar.

Flore: Hópurinn sem er í kringum mig eru til helminga jafnmikið af Íslendingum og útlendingum, en ég myndi segja að þeir væru bara kunningjar. (Nánir) vinir mínir eru íslenskir,...ég treysti þeim betur heldur en útlendingum sem eru ekki þannig séð vinir mínir.

Viðmælendurnir höfðu flestir orðið varir við einhvers konar fordóma en mjög mismunandi var hvernig fordómarnir lýstu sér eftir því hvenær þeir fluttu til landsins. Ein talar til að mynda um hvernig Íslendingar hafa breyst í gegnum árin. Þegar hún flutti til landsins fyrir meira en áratug fannst Íslendingum ekki eins truflandi að hafa útlendinga í kringum sig en í dag hafa hlutirnir breyst:

Fran: Mér finnst þetta hafa breyst. Í gamla daga þá var það ekki að trufla mikið þó við værum útlendingar. ... Þá vorum við bara fólk, skipti ekki máli frá hvaða landi. Núna hugsa Íslendingar meira um mann sem útlending. Það var ekki svoleiðis þegar ég komi til Íslands. Þá voru bara allir opnir... Ég held að það séu smá fordómar núna. Það var ekki svo fyrir tíu árum, þá vorum við meira svona saman í samfélaginu. Bara svo gaman (þá) að kynnst okkur, spjalla um okkar menningu... Mér fannst svo gaman að kynnst íslenskri menningu og Íslendingar voru forvitnir um að kynnst minni menningu. Þá voru engir fordómar, bara forvitni, kynnst og þekkjast. Núna eru svolitlir fordómar....

Allir viðmælendur töluðu um hve mikilvægt væri að tala íslensku og sjálfstæðið sem fylgir því að kunna málið. Sjálfstæði vegna íslenskukunnáttu lýsti sér helst í því að geta bjargað sér sjálf/ur í daglegu lífi og í samskiptum við ýmsar stofnanir á Íslandi í stað þess að þurfa alltaf að biðja um hjálp eða túlk. Auk þess minntust margir á að það skipti máli í samskiptum við Íslendinga að geta talað sama tungumál og þeir. Til dæmis sagði Franchesca:

Franchesca: Ég trúir því að það breyti miklu ef ég get talað íslensku við Íslendinga. Þeir (Íslendingar) eru opnari ef þú getur talað íslensku. ... Ég hef fundið fyrir því að í hvert skipti sem ég tala íslensku, jafnvel mjög einfalda, við fjölskyldu mína, nágretta eða aðra bæjarbúa, fá þeir meiri áhuga á að hlusta á það sem ég hef að segja.

Fleiri töluðu um mikilvægi þess að geta talað íslensku:

Fay: Þegar ég kom fyrst hjálpuðu aðrir Pólverjar mér með tungumálið en núna get ég hringt allt sjálf og spurt á íslensku. Miklu betra.

Fran: Ég held að fyrir Íslendinga, ef þú talar ensku, þá ert þú útlendingur, alveg hundrað prósent. Þangað til þú byrjar að tala íslensku, þá hætta þeir að hugsa um þig sem útlending.

Fiona: Það breyttist að ég get gert allt sjálf (eftir að ég lærði íslensku). Þarf ekki að biðja fólk að hringja þarna og þarna, líka bara auðvelt að geta gert allt. ... Ég er ekki bundin við einhvern (að hjálpa mér).

Farrah: Það er mikill munur (að kunna íslensku)...Íslendingar reyna (núna) að koma og tala við mig og spyrja. Það er öðruvísi.

Ekki voru allir sammála um móttökufærið sem til staðar er í Fjarðarbyggð. Sumir sögðust hafa fengið mikla aðstoð frá Íslendingum á meðan aðrir upplifðu móttökurnar með neikvæðari hætti. Þrátt fyrir hjálpsemi Íslendinga á svæðinu má lesa út úr viðtölunum að stór hluti þeirra innflytjenda, sem tekið var viðtal við, upplifðu ekki formlegt móttökufæri af hálfu opinberra stofnana. Hér er ber að hafa í huga að flestir, sem tekið var viðtal við, komu fyrir árið 2007, áður en fulltrúi nýrra innflytjenda tók til starfa hjá sveitarfélaginu og fulltrúi innflytjenda hjá Starfsgreinafélaginu AFL.

Vesturbyggð

Móttaka og þjónusta við innflytjendur í Vesturbyggð

Í Vesturbyggð er ekkert formlegt móttökufæri fyrir nýja íbúa en á bæjarskrifstofunni starfar Anna Stefanía Einarsdóttir, launafulltrúi, sem hefur aðstoðað innflytjendur til dæmis við skráningu í þjóðskrá og aðra pappíra sem varða þeirra búsetu og starf á Íslandi. Tekið var viðtal við Önnu þar sem hún greindi frá sinni aðkomu og aðkomu sveitarfélagsins að starfi með innflytjendum. Eitt stærsta fyrirtækið í byggðarlaginu, sem hefur hátt hlutfall erlendra starfsmanna, er Oddi fiskvinnsla-útgerð, en þar hefur verið vel gætt að því að allir séu skráðir rétt inn í landið og séu á þjóðskrá. Önnur fyrirtæki hafa ekki öll staðið sig eins vel og hefur Anna haft það á sinni könnu að aðstoða erlenda starfsmenn, sem hafa jafnvel starfað á Íslandi í nokkur ár, að skrá sig í þjóðskrá til þess að þeir geti áunnið sér ýmis réttindi, eins og fæðingarorlof og atvinnuleysisbætur.

Aðspurð um hvort það væri einhver sérstök ástæða fyrir því að ekkert formlegt móttökufæri væri með nýjum íbúum að vegum bæjarfélagsins taldi Anna það vera vegna þess að langflestir erlendir starfsmenn koma á vegum Odda þar sem móttaka og skráning hefur verið í góðu lagi. Anna talaði einnig um hversu auðveldara og fljótlegra skráningarferli erlendra starfsmanna væri í dag eftir að mörg Austur-Evrópuríki gengu í Evrópusambandið enda koma flestir erlendir starfsmenn í Vestur-

byggð frá þeim löndum. Hún minntist þó á að margir þeirra starfsmanna, sem fyrir voru, töldu að skráningarferlið hér væri of einfalt, sérstaklega vegna þess að ekki er lengur beðið um sakavottorð. Það bjóði þeirri hættu heim að hingað komi innflytjendur frá þessum löndum sem eiga sakaferil að baki og að þeir aðilar gætu skemmt fyrir þeim Austur-Evrópubúum sem fyrir eru í landinu.

Jafnframt sagði Anna að vegna smæðar sveitarfélagsins sé ekki þörf á sérstöku formlegu móttökuferli fyrir nýja íbúa þar sem yfirsýn yfir búferlaflutninga til og frá sveitarfélaginu er nokkuð góð. Aðspurð um hvort það væri mikill samgangur á milli innflytjenda og Íslendinga í Vesturbyggð taldi hún hann vera frekar lítinn. Innflytjendur í Vesturbyggð haldi svolítið hópinn og blandi lítið geði við þá sem fyrir eru og talaði hún um í því samhengi að þegar þar voru stórir hópar frá Nýja Sjálandi og Ástralíu áður fyrr hafi verið meiri samgangur á milli hópanna.

Spurt var hvort til staðar væri formlegur hvati fyrir nýja íbúa að hefja atvinnurekstur og svarið við því var að svo væri ekki. Erlendir starfsmenn haldi fast í sína vinnu og taldi Anna að ef þeir myndu fara út í eigin atvinnurekstur myndi það vera á stærra markaðssvæði, eins og í Reykjavík.

Einnig var tekið viðtal við Maríu Ragnarsdóttur sem er verkefnastjóri hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða þar sem fram fer íslenskukennsla fyrir útlendinga og hefur jafnframt verið með Landnemaskóla fyrir innflytjendur í byggðarlaginu. Þeir sem koma á námskeið hjá Fræðslumiðstöðinni eru aðallega þeir sem eru búnir að taka þá ákvörðun að þeir ætli sér að setjast að á Íslandi og vilja komast betur inn í samfélagið. María taldi að það myndi vera til mikilla bóta ef íslenskunámskeið væri næstum því skylda fyrir íbúa af erlendum uppruna og að það muni mjög miklu fyrir þá erlendu starfsmenn sem fá námskeiðin niðurgreidd frá sínum fyrirtækjum. Ástæða þess að að huga þurfi betur að íslenskukennslu er að það myndi auðvelda aðlögun innflytjenda og hvetja til samskipta á milli innflytjenda og Íslendinga í byggðarlaginu. Þrátt fyrir það telur hún að langflestum innflytjendum gangi vel að fóta sig í samfélaginu og að mjög hátt hlutfall ákveði að setjast hér að.

María er jafnframt formaður leikfélagsins í Vesturbyggð og þar stóðu þau fyrir leynivínnavíku árið 2008 sem var gagngert í þeim tilgangi að ýta undir samskipti erlendra íbúa og Íslendinga. Allt efni fyrir vikuna var útbúið á íslensku, ensku og pólsku og að hennar sögn sköpuðust þarna skemmtileg sambönd og tókst vel upp fyrir þau sem ákváðu að taka þátt.

Að lokum var tekið viðtal við Skjöld Pálmason sem eru afstoðarframkvæmdarstjóri fiskvinnslunnar Odda. Að hans sögn eru um 90% starfsmanna hjá fiskvinnslunni erlendir og aðstoðar fyrirtækið starfsmenn sína við að útvega þeim húsnæði, niðurgreiðir íslenskunámskeið og skráningu starfsmanna inn í landið. Það hefur verið stefna fyrirtækisins að ráða helst hjón eða pör og nær allar þeirra ráðningar fara fram með þeim hætti að ráðið er fólk sem er skylt eða kemur í gegnum þá starfsmenn sem fyrir eru hjá fyrirtækinu.

Skjöldur sagði að eflaust mætti bæta formlega móttöku nýrra íbúa á vegum sveitarfélagsins en á síðustu árum hafi þó meiri upplýsingar verið fáanlegar á fleiri tungumálum heldur en ensku og íslensku og þá sérílagi á pólsku. Aðspurður um hversu vel innflytjendum gengi að aðlagast samfélaginu í Vesturbyggð vildi hann meina að það væri jafn misjafnt og fólkíð væri margt. Fyrir marga Pólverja væri til dæmis ekkert mjög erfitt að aðlagast þar sem fyrir væru margir innflytjendur

frá þeirra landi. Hann minntist þó á að innflytjendur tækju lítinn formlegan þátt í starfi í byggðarlaginu, til dæmis hefði verið reynt að fá þá sem eru hraustir til að taka þátt í björgunarsveitinni á svæðinu en með litlum árangri. Reynt hefur verið að hafa í huga að hvetja til þátttöku erlendra starfsmanna á viðburði á vegum fyrirtækisins en ásókn þeirra á viðburðina hefur verið minni heldur en gengur og gerist meðal Íslendinga. Skjöldur bendir á að vinnumeningin í Odda hafi breyst eftir því sem erlendu starfsfólki fjölgaði. Áður var við lýði svokallaður mætingarbónus þar sem fyrirtækið þurfti að hafa hvatakerfi fyrir íslenskt starfsfólk til að mæta á réttum tíma til vinnu. Í dag þekktist það ekki að starfsfólk mæti of seint í vinnu eða væri sífellt að skreppa frá vinnu. Jafnframt ræddi hann það að vinnan væri stærri hluti af daglegu lífi erlendra starfsmanna og að vinnu lokinni héldu flestir sig heima við og sæjust lítið úti við á kvöldin. Skjöldur vill meina að dugnaður og gæði vinnuafsisins hjá fiskvinnslunni Odda væri stór liður í því hversu góðum árangri fyrirtækið hefði náð og það kæmi ekki til greina að segja upp erlendu starfsfólki til að ráða Íslendinga í kjölfar aukins atvinnuleysi hér á landi.

Samandregið má segja að þó að móttaka erlendra íbúa sé ekki með formlegum hætti í gegnum sveitarfélagið eða á vegum annarra stofnana í Vesturbyggð þá hefur stærsti vinnuveitandinn, Oddi, staðið sig vel í að vanda alla skráningu sinna starfsmanna. Það var helst gagnrýnt að sum önnur fyrirtæki þyrftu að taka sig á í þeim málum. Eins má segja að það er vilji til staðar hjá þeim viðmælendum sem tekið var viðtal við að sinna innflytjendum til jafns á við aðra íbúa og að þeir töldu ekki sérstaka ástæða til að gera greinarmun á milli Íslendinga og erlendra íbúa að undanskildu aðstoð við rétta skráningu inn í landið og aðstoð við íslenskukennslu. Að öðru leyti sætu þeir við sama borð og aðrir íbúar Vesturbyggðar.

Innflytjendur í Vesturbyggð

Flestir viðmælendur í Vesturbyggð voru pólskir en þó voru tveir frá öðru landi. Flestir flutti þeir til Íslands vegna vinnu og margir þeirra höfðu ákveðið að setjast hér að til frambúðar. Ekki töluðu margir um að þeir hefðu upplifað erfiðleika með neikvæðum hætti við komu sína til Íslands en margir töluðu þó um veðrið og að þeir hefðu aldrei séð jafnmikinn snjó. Almennt upplifðu viðmælendur að samfélagið hefði tekið þeim vel og fólk væri almennt tilbúið til að aðstoða við ýmislegt. Til dæmis sagði Vincent:

Vincent: Þetta var geggjað, ég hef aldrei séð svona mikinn snjó áður. ...Fólk hér er mjög vinalegt og allt er betra (heldur en þaðan sem ég kem). ... Margir bjóða hjálp. ... Ekkert vandamál.

Fleiri töluðu í svipuðum dúr:

Valerie: Þegar við komum á hótelið, þetta var frábær karl, sem beið eftir okkur, ... Það var myrkur þegar við vöknudum á hótelinu. (Ég spurði) Hvenær er bjart? ...Við byrjuðum að

labba, ... og það var hræðilegur vindur og snjócoma, ... datt í skafi og gat ekki labbað áfram. ...En allir hjálpuðu okkur. ... Mér finnst Íslendingar gera mjög mikið og vilja opna þetta og fara á móti og draga út fólkið (innflytjendur).

Vin: Þetta var sjokk, vegna þess að það var vetur. ... sterkur vetur. ...það var erfitt að komast inn í samfélagið, sérstaklega fyrsta hálfu árið.

Verde: Fyrst og fremst kalt (upplifun af því að koma til Íslands) og tungumálið erfitt.

Victoria: Veturinn var mjög sterkur og mikill snjór, samt fannst mér mjög fallegt. ... Þegar ég lenti í vandamáli voru allir Íslendingarnir tilbúnir að hjálpa mér. Íslendingar eru svona fólk sem vill hjálpa.

Verity: Var frábært útsýni alls staðar, en var mjög erfitt þegar það var vetur...sterkur vetur.

Aðspurðir um hversu vel þeim gengi eða hefði gengið að læra íslensku töluðu margir um hversu erfið hún væri en jafnframt að þeir vildu gjarnan læra hana eða tala hana betur. Ástæðan fyrir því var oftast að þá gengi þeim betur í samskiptum á vinnustað og væru meira sjálfbjarga varðandi ýmsa þjónustu sem þau þurftu að sækja sér. Til dæmis var sagt:

Vincent: Ég verð að læra íslensku. Ætla að fara að byrja. ... Þegar ég verð búinn að læra íslensku get ég farið að taka meira þátt í öðru (formlegu félagsstarfi).

Valerie: Ég tala ekki rétt(a íslensku), ... en ég get bjargað mér sjálf.

Verde: Það gengur frekar rólega að læra íslensku. Núna hef ég ekki tíma. ... Það er mikið að vinna, ég er að kaupa hús og smíða inn í það og hef bara ekki tíma í það.

Verity: (Gengur) smátt og smátt.

Flestir töluðu um að þegar þeir komu til Íslands ætluðu þeir sér einungis að vera hér í skamman tíma en hefðu svo ákveðið að setjast að. Ástæður fyrir því voru helst að hér væri fólk búíð að koma sér fyrir með húsnæði og börn og að lífskjör hér væru betri en í þeirra heimalandi. Þannig komst Valerie að orði um þetta:

Valerie: Ég get lifað hérna eins og venjulegt fólk. Ég er ekki rík en ég get samt lifað, ég á mat, ég á allt sem ég þarf og fyrir mörgum í mínum heimalandi er ég rík kona. ... Það er mjög mikið af fátæku fólki í mínum heimalandi.

Annar viðmælandi sagði:

Verity: Ég er búin að venjast því að vera hérna. ...Ég á tvö börn...og það er betra fyrir þau að vera hérna.

Mjög misjafnt var á milli viðmælenda hvernig þeir eyddu sínum frítíma eða í hversu miklum félagslegum samskiptum þeir væru utan vinnu. Margir sögðust bæði vera í samskiptum við Íslendinga og aðra innflytjendur.

Vincent: Ég er í samskiptum við marga Íslendinga hér (Vesturbyggð) en líka við fólk frá öðrum löndum.

Vin: Ég er mest í samskiptum við aðra innflytjendur í vinnunni og á íslenskunámskeiði (sem ég er á).

Victoria: Ég tala mikið við fólk í vinnunni... Oft tala ég við fólk þegar ég fer í sund, íþróttahúsið og þegar ég hitti fólk á förnnum vegi. ... Ég vil samt mest vera með fjölskyldunni.

Eins og með Fjarðabyggð virtust viðmælendurnir almennt ekki taka mikinn þátt í formlegu félagsstarfi. Þó voru einhverjir sem tóku sér ýmislegt fyrir hendur eins og að veiða, stunda íþróttahúsið, kórastarf og fleira. Aðrir virtust ekki hafa áhuga á að taka þátt í félagastarfi. Þeir töluðu um hversu lítinn frítíma þeir höfðu og var helst nefnt að frítíminn væri notaður í að fara í göngutúra, sund og hitta vini og fjölskyldu. Til að mynda sagði einn viðmælandinn:

Vin: Ég er bara heima að hvíla mig. ... Er kannski í tölvunni, að elda eða að taka til í húsinu.

Aðspurðir um hvort innflytjendur hefðu áhuga á að stofna eigið fyrirtæki sögðu nokkrir svo vera en þá ekki í Vesturbyggð. Ástæða þess var helst sú að Vesturbyggð væri lítið markaðssvæði eða að það væri jafnvel ekki þörf fyrir nýja starfsemi í sveitarfélaginu. Til að mynda sögðu þau Vincent og Velvet:

Vincent: Ég held að það væri ekki auðvelt (að stofna fyrirtæki) á Patreksfirði en ef ég byggi í stærri borg, kannski í Reykjavík eða eitthvað væri það mögulegt. En hér er allt til staðar.

Velvet: Ef ég myndi fara í það (að stofna fyrirtæki) veit ég ekki hvort ég myndi gera það hér á Patreksfirði...

Samandregið þá virtust viðmælendur í Vesturbyggð vera nokkuð ánægðir með sitt hlutskipti og töluðu um líf sitt og samskipti við aðra í sveitarfélaginu með jákvæðum hætti. Þannig að þrátt fyrir að ekki sé

formlegt móttökufæri hjá sveitarfélaginu sem slíku þá var ekki hægt að lesa það út úr þeim viðtölum sem voru tekið að innflytjendur væru óánægðir með það.

Samantekt á viðtölum

Almennt má segja um þá innflytjendur, sem tekin voru viðtöl við, að þau hefðu jákvæða upplifun af því að búa á Íslandi jafnvel þó að ekki ætluðu öll sér að búa hér til framtíðar. Flest töluðu um að viðmót heimamanna, sem fyrir voru, væri almennt jákvætt þrátt fyrir að hafa orðið vör við viðhorf um að innflytjendur ættu að flytja af landi brott þegar atvinnuástand versnar. Fá höfðu þó upplifað það beint og velta má upp þeirri spurningu hvort þessi upplifun sé tilkominn vegna opinberrar umræðu eða væntinga um að viðhorf í þeirra garð geti orðið neikvæðari en ekki vegna beinnar reynslu af því.

Þegar talað er um jákvæða upplifun þeirra innflytjenda, sem talað var við, ber að vekja athygli á því að vel má vera að þeir innflytjendur, sem samþykktu viðtal, gætu upp til hópa verið með jákvæðara viðmót og verið almennt virkari í sínu samfélagi samanborið við þá innflytjendur sem ekki náðist tal af. Þetta er sérílagi vegna þess að hluti þeirra var til kominn eftir ábendingum frá fulltrúum opinberra stofnana og félagasamtaka í hverju byggðarlagi. Enda var ekki tilgangur þessarar viðtalsrannsóknar að álykta um alla innflytjendur í þessum þremur byggðarlögum heldur öllu frekar að greina hvort tengsl séu á milli virkni í félagslífi, menningarlegrar þátttöku og upplifun innflytjenda af því að búa á Íslandi.

Það var gegnum gangandi í viðtölum við innflytjendur að þau sem lögðu áherslu á að læra íslenska tungu voru almennt virkari í félagslífi hvort sem það var með formlegum hætti eða ekki. Hér ber að geta þess að þegar talað var um íslenskunám gæti viðvera spyrils, sem var í öllum tilfellum íslenskur, hafa haft einhver áhrif á svör viðmælenda. Hér er átt við að viðmælendur gætu hafa lagt meiri áherslu á að vilja læra íslensku eða tala betri íslensku af kurteis sökum við spyrilinn eða ekki viljað móðga hann með því að segjast ekki hafa neinn áhuga á að læra tungumálið. Það kemur eflaust ekki á óvart að þau sem lögðu litla áherslu á að læra tungumálið höfðu ekki gert upp við sig hvort þau ætluðu sér að setjast að á Íslandi til langframa. Þetta vekur upp þá spurningu hvort og þá hversu miklar áhyggjur stjórnvöld og aðrir sem koma að málefnum innflytjenda þurfi að hafa þó að hluti innflytjenda sýni lítinn áhuga á að læra íslenska tungu svo lengi sem þeir geta bjargað sér í daglegu lífi, eigi kost á íslenskukennslu og að réttinda þeirra sé gætt af viðeigandi aðilum. Þeir innflytjendur sem hafa gert upp við sig að setjast að á Íslandi sjá augljósa kosti við að kunna tungumálið og leggja sig því fram við að læra það.

Ljóst var á viðtölum við fulltrúa sveitarfélaganna og aðra sem komu að starfi með innflytjendum að vilji var til staðar í öllum þremur að standa vel að móttöku innflytjenda og að virkja þá í samfélagi byggðarlagsins. Í einu sveitarfélagi, það er að segja í Fjarðabyggð, var til staðar formlegt móttökufæri fyrir nýja íbúa og á Akranesi hefur öflugt starf verið byggt upp með innflytjendum sem þar búa. Í Vesturbyggð var ekkert formlegt móttökufæri eða starf sem hafði verið byggt upp sérstaklega fyrir innflytjendur en þó mátti greina þar vilja til að hvetja þá til þátttöku í samfélaginu og í

öllum sveitarfélögum töluðu innflytjendur sjálfir um að Íslendingar væru upp til hópa hjálpsamir og vinalegir. Velta má upp þeirri spurningu hvort það formlega starf, sem hefur verið byggt upp í Fjarðabyggð og á Akranesi, sé fyrst og fremst til komið sem viðbrögð við auknum fjölda íbúa af erlendum uppruna enda er sú starfsemi, sem getið var í þessari rannsókn, tiltölulega ný af nálinni. Með þessu er átt við að þegar var töluverður hópur af innflytjendum í byggðarlögum eða von á stórum hópi innflytjenda. Þess vegna hafi skapast grundvöllur fyrir starf sem hefur það að meginmarkmiði að auðvelda þeim að aðlagast samfélaginu og að virkja þá með þátttöku í skipulagningu á ýmsum viðburðum. Í öllum þremur sveitarfélögum var greinilegur vilji til að hvetja nýja íbúa og innflytjendur til þátttöku og álitnið mikilvægt að þjónusta við þá væri til staðar, burtséð frá því hvort innflytjendur ákveði að nýta sér hana eða ekki. Jafnframt ber að hafa í huga að virða vilja þeirra sem hafa lítinn eða engan áhuga á að taka þátt og að innflytjendur eru jafn misjafnir að þessu leyti og aðrir Íslendingar.

Önnur spurning er hvort innflytjendur taka lítinn þátt í formlegu félagsstarfi vegna tungumálaerfiðleika eða að þeir upplifi sig ekki sem hluta af samfélaginu. Ef það reynist rétt og sveitarfélögin telja mikilvægt að gæta hagsmuna allra sinna íbúa mega þau ekki sofna á verðinum yfir því góða starfi sem þegar er sprottinn vísir að. Ef einungis er litið til formlegrar starfsemi innan sveitarfélaganna og þátttöku innflytjenda virtist þeirri starfsemi, sem fer fram á Akranesi á vegum Rauða krossins og Félags nýrra Íslendinga, hafa tekist að virkja mun fleiri innflytjendur heldur en sambærilegri starfsemi í Fjarðabyggð og Vesturbyggð. Ástæður fyrir því geta verið af mörgum toga. Til að mynda getur verið að samsetning innflytjenda á Akranesi sé með öðrum hætti heldur en í hinum tveimur byggðarlögum, að nálægð við höfuðborgarsvæðið hafi þar einhver áhrif á eða vegna þess að tekist hefur að virkja fleiri innflytjendur þar í skipulagningu viðburða en í hinum tveimur byggðarlögum. Til að svara þessum spurningum þyrfti þó frekari rannsókna við.

Lokaorð

Samsetning íbúa á Akranesi, í Fjarðabyggð og í Vesturbyggð hefur breyst á undanförunum árum meðal annars vegna þeirrar fjölgunar innflytjenda sem hefur orðið. Umræðan um innflytjendur, aðlögun, samlögun og fordóma hafa að sama skapi aukist þó að ekki hafi verið gerðar margar heildstæðar rannsóknir á því sviði. Stefnu íslenskra stjórnvalda á þessu sviði hefur verið ábótavant og er vonandi að auknar rannsóknir tengdum innflytjendum verði innlegg inn í umræðu um stöðu innflytjenda á Íslandi og samskipti Íslendinga og innflytjenda á landinu. Árið 2008 samþykkti Alþingi framkvæmda-áætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda. Þar kom fram að gera ætti aðlögunarferli innflytjenda þeim sem auðveldast og mikil áhersla á að bjóða ætti upp á íslenskukennslu, bæði til að auðvelda aðlögunarferli nýrra íbúa og til að standa vörð um íslenska tungu. Stefna stjórnvalda er að öðru leyti nokkuð almenn og í henni kemur ekki skýrt fram hvað er á könnu sveitarfélaga að sinna utan lögbundinnar starfsemi. Setja má spurningarmerki við að það sé skylda sveitarfélaga að hvetja

innflytjendur sérstaklega til þátttöku í félags- og menningarlífi umfram aðra íbúa eða hvort þau eigi að hvetja alla íbúa til jafns burtséð frá uppruna þeirra.

Í framhaldi af þessu er verðugt rannsóknarefni að bera saman þátttöku heimamanna í dreifðum byggðum Íslands við þátttöku innflytjenda. Ef það er svo að margir Íslendingar í dreifðari byggðum taka almennt meiri þátt í því sem er að gerast í sveitarfélaginu og geri ráð fyrir að innflytjendur ættu að hafa jafnmikinn áhuga á að taka þátt, þá kann minni áhugi innflytjenda á þátttöku í félagslífi að koma heimamönnum undarlega fyrir sjónir. Það þarf ekki að þýða að innflytjendur hafni því að taka þátt í samfélaginu heldur getur verið að þeir láti sér nægja fjölskyldutengsl og óformlegt félagslíf og kjósi frekar eyða tíma sínum í annað.

Tengt þessu er umræða um að varast ætti ásaka innflytjendur fyrir að taka lítinn þátt eða hafa lítinn áhuga á þátttöku. Varasamt getur verið að skapa aðstæður þar sem innflytjendur sjái sig knúna til að taka þátt í ýmsum viðburðum til að verða fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Auðvelt er að færa rök fyrir því að notast skuli hvað best við þau úrræði sem þegar eru til staðar og mikilvægt að nota fjölmenningslega samfélagið á sem jákvæðastan hátt. Án þess nánar sé fjallað um fjölmenningsamfélag hér má klykkja út með því að segja að á Íslandi mætast nú menningarheimar nokkurra þjóða þar sem allir áhugasamir ættu að hafa tækifæri til að hlúa að sinni menningu um leið og staðinn er vörður um íslenska menningu.

Heimildaskrá

- Anna Lára Steindal. (2008). *Rauði krossinn á Akranesi: Starf með innflytjendum*. Sótt 10. október 2009 af:
<http://www.sudurland.is/vefsidan/Data/MediaArchive/Files/malthing/innflytjendur%20-%20akranes.ppt>
- Félagsmálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Reykjavík: Höfundur.
- Félagsmálaráðuneytið. (e.d.) *Innflytjendur á Íslandi: Réttindi, þátttaka, viðurkenning og virðing í íslensku samhengi*. Sótt 6. október 2009 af:
<http://www.felagsmalaraduneyti.is/vefir/evropuar/innflytjendur/nr/3386>
- Hagstofa Íslands. (2009). *Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa*. Sótt 19. janúar 2010 af:
<http://www.hagstofa.is/?PageID=626&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=MAN04203%26ti=Mannfj%F6ldi+eftir+kyni%2C+sveitarf%E9lagi+og+r%EDkisfangi+1%2E+jan%FAar+1998%2D2009%26path=../Database/mannfjoldi/Rikisfang/%26lang=3%26units=Fjöldi>
- Jón Rúnar Sveinsson. (2008). *Menningarstyrkir og menningarstarfsemi á Vesturlandi 2005-2008*. Borgarbyggð: Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.
- Menningarráð Austurlands og R3 ráðgjöf ehf. (2009). *Menningarstefna í þágu samfélagsins: Stefna í menningarmálum á Austurlandi 2009-2014*. Egilsstaðir: Höfundur.
- Menningarráð Vestfjarða. (2007). *Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum*. Hólmavík: Höfundur.
- Menningarráð Vesturlands. (2005). *Menningarstyrkir og menningarstarfsemi á Vesturlandi 2005-2008*. Sótt 6. október 2009 af: http://www.menningarviti.is/Files/Skra_0028305.pdf
- Menningarsamningur Austurlands. (2008). Sótt 8. október af:
<http://www.menningarrad.is/images/stories/samningar/mennsam2008.pdf>
- Menningarsamningur Vestfjarða. (2007). Sótt 10. október 2009 af:
<http://www.vestfirskmenning.is/skjol/skra/1/>
- Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009). *Árbók sveitarfélaga 2009*. Reykjavík: Höfundur.
- Skapandi starf með konum af erlendum uppruna. (2009). Sótt 9. október 2009 af:
<http://www.redcross.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/wa/dp?id=1002090&detail=1016569>
- Stefna um aðlögun innflytjenda. (2007). Sótt 19. janúar 2010 af:
http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf
- Stefnumótun í menningarmálum á Vestfjörðum. (2007). Sótt 8. október 2009 af:
<http://www.vestfirskmenning.is/skjol/skra/2/>
- Stefnumótun í menningarmálum á Vesturlandi. (2002). Sótt 6. október 2009 af:
http://www.ssv.is/Files/Skra_0002411.pdf